

## GJALDSKRÁ

### HS veitna hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

HS veitur hf. selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

HS veitur hf. láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi HS veitna hf.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli.

<i>Til íbúða húshitunar</i>	<i>án vsk.</i>	<i>m. vsk.</i>	
VM1 m <sup>3</sup>	209,84	213,81	kr./tonn
Niðurgreitt pr. m <sup>3</sup>	-91,80		kr./tonn
VM2 m <sup>3</sup>	52,39	53,38	kr./tonn
Niðurgreitt pr. m <sup>3</sup>	-22,95		kr./tonn
VM2 kWh	3,50	3,57	kr./kWh
Niðurgreitt pr. kWh	-1,53		kr./kWh
VM4 m <sup>3</sup>	46,00	47,55	kr./tonn
VM4 kWh	3,07	3,17	kr./kWh

##### 4. gr.

HS veitur hf. leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

<i>Flokkur og stærð mæla</i>	<i>án vsk.</i>	<i>m. vsk.</i>	
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	16.020,00	16.558,00	kr./ár
MV1 Fyrir mæla 20 mm og minni	43,89	45,37	kr./dag
MV2 Fyrir mæla 25 - 50 mm	31.919,00	32.991,00	kr./ár
MV2 Fyrir mæla 25 - 50 mm	87,45	90,39	kr./dag
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	63.986,00	66.136,00	kr./ár
MV3 Fyrir mæla 65 mm og stærri	175,30	181,19	kr./dag

##### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega. Gjaldþagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem HS veitur hf. ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.

## 6. gr.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir hús við veitukerfi HS veitna hf. Heimæðargjald skal greitt þegar lagningu heimæðar er lokið.

Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

<i>Rúmmál húss utanmál m<sup>3</sup></i>	<i>án vsk.</i>	<i>m. vsk.</i>	
Allt að 400 m <sup>3</sup>	212.370,00	219.506,00	kr.
Yfir 400 - 2.000 m <sup>3</sup>	169,63	175,33	kr./m <sup>3</sup>
2.000 m <sup>3</sup>	483.762,00	500.016,00	kr.
Yfir 2.000 - 6.000 m <sup>3</sup>	143,04	147,85	kr./m <sup>3</sup>
6.000 m <sup>3</sup>	1.055.918,00	1.091.397,00	kr.
Yfir 6.000 - 10.000 m <sup>3</sup>	127,63	131,92	kr./m <sup>3</sup>
10.000 m <sup>3</sup>	1.566.424,00	1.619.056,00	kr.
Yfir 10.000 m <sup>3</sup>	110,80	114,52	kr./m <sup>3</sup>

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá HS veitum hf. og skal þá greiða í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

<i>Stærð mæla</i>	<i>án vsk.</i>	<i>m. vsk.</i>	
Fyrir mæla 20 mm og minni	31.166,00	32.213,00	kr.
Fyrir mæla 25 - 50 mm	69.903,00	72.252,00	kr.
Fyrir mæla 65 mm og stærri	124.924,00	129.121,00	kr.

## III. KAFLI

## 7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 8. gr.

HS veitur hf. hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur hverju sinni.

	<i>án vsk.</i>	<i>m. vsk.</i>	
Opnunargjald	5.285,00	6.633,00	kr.

## 9. gr.

Eftirlitsmanni HS veitna hf. skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

## 10. gr.

Virðisaukaskattur, 7,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 25,5%. Í útreikningi á 7,0% vsk. hefur verið tekið tillit til endurgreiðslu ríkissjóðs á vsk. Í gjaldskránni er ekki tekið tillit til 2% orkusatts á smásöluverð.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn HS veitna hf., staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 130/2008, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2010.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Guðjón Axel Guðjónsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 29. janúar 2010